

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

Fundur í Stjórn Reykjanesfólkvangs 23. sept. 2015.

Fundur haldinn kl. 16.00 í Tindstöðum, Borgartúni 12-14

Mættir: Sverrir Bollason, formaður, Þorvaldur Örn Árnason, Þórir Sigfússon, Jóna Sæmundsdóttir, Finnur Sveinsson og Margrét Pálsdóttir.

Einnig sátu fundinn René Biasone og Þórólfur Jónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Vistvangur, erindi Gróðurs fyrir fólk (GFF)

Lagðar fram hugmyndir GFF um vistvang og ósk um að stjórnin styðji hugmyndir þeirra um vistvang í Reykjanesfólkvangi.

Samþykkt var eftirfarandi: „Stjórn Reykjanesfólkvangs styður GFF í þeirri viðleitni sinni að græða upp land í Vistvangi enda sé öllum skilyrðum laga og reglna sem til þess bærar stofnanir skilgreina mætt. GFF hefur bent á tiltekin svæði innan fólkvangsins sem kæmi vel til greina en taka þarf tillit til skipulagsheimilda að hverju sinni.“

2. Lúpína í Reykjanesfólkvangi

Lagt fram greinargerð, tillögur og beiðni frá Sjálfbæðaliðasamtökum um náttúruvernd dags. 23. sept. 2015 um lúpínu í Reykjanesfólkvangi.

Samþykkt var að veita samtökunum kr. 30 þús. í styrk vegna aksturskostnaðar við lúpínueyðingu í fólkvangnum 2015 og aftur sömu upphæð 2016.

Fram kom á fundinum að ástæða væri til að skerpa á umfjöllun um lúpínu í stjórnunaráætlun. Formaður mun koma á fundi með Landgræðslu og Umhverfisstofnun til að ræða mögulegar aðgerðir gegn lúpínu og uppgræðslu á þeim stöðum sem lúpínu er eytt.

Þorvaldur Örn Árnason vék af fundi á meðan beiðni um styrk var afgreidd.

3. Stjórnunaráætlun

Rætt um hvort stjórnunaráætlun geti ekki orðið grunnur að verndaráætlun sem Umhverfisstofnun samþykkir. Fram kom að ekki sé öruggt að ósk um slíkt hafi komið nægilega formlega frá stjórninni til Umhverfisstofnunar.

Til að eyða vafa um það mun formaður senda bréf þess efnis til Ust.

4. Styrkir til framkvæmda á ferðamannastöðum

Auglýst hefur verið að næsti frestur til umsókna í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða sé 16. okt. nk. Rætt var um staði í fólkvanginum þar sem lagfæringa er þörf, t.d. Seltún, Selatangar, Leiðarendi, útskot við Suðurstrandarveg ofl.

Formaður mun kalla eftir hugmyndum frá landverði og ræða við Grindavík og Hafnarfjörð. Stefnt verður að því að senda inn umsókn.

5. Reykjanes Geopark, samstarf

Formaður hefur átt óformlegt spjall við aðstandendur Reykjanes Geopark um mögulegt samstarf t.d. um landvörslu. Formaður hefur verið boðaður þangað til fundar ásamt René.

Samþykkt var að eiga samræður við Reykjanes Geopark um mögulegt samstarf.

6. Skipan stjórnar og fyrirkomulag

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

Formaður viðraði hugleiðingar sínar um mögulegar breytingar skipan stjórnar og fyrirkomulagi á umgjörð stjórnar fólkvangsins.

Formaður mun koma hugleiðingum sínum á blað og umræður teknar á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 17:25

Næsti fundur er áætlaður 21. okt.